



Náttúrustofa Vesturlands

Stykkishólmi, 27. janúar 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (þingmál 404).

Hér á eftir eru athugasemdir Náttúrustofu Vesturlands við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Undirritaður, f.h. Náttúrustofunnar, fagnar því að Alþingi láti til sín taka við verndun dýrategundar sem ógnað er með veiðum. Hins vegar má deila um það hvaða leiðir hefði átt að fara í verndunaraðgerðum. Að mati undirritaðs hefði árangursríkasta verndunaraðgerðin falist í banni við rjúpnaveiði á nokkrum stórum og vel völdum svæðum vítt og breitt um landið. Styttning rjúpnaveiðitímans mun e.t.v. hafa smávægileg áhrif en hætt er við að daglegt veiðiálag aukist og minnki þannig áhrifin. Að sama skapi er líklegt að sölubann hafi einhver áhrif en líklegt er að "ósýnileg" sala beint frá veiðimanni til neytenda aukist í kjölfarið og minnki þannig áhrif sölubannsins. Bann við akstri fjórhjóra og vélsleða á veiðislóð er jákvætt skref og felur örugglega í sér nokkra verndun á ákveðnum svæðum.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1. gr.

Lagt er til að óheimilt verði að stunda veiðar á fjórhjólum og vélsleðum.

-Undirritaður fagnar þessari breytingu.

2. gr.

Lagt er til bann við sölu á rjúpum.

Þessi breyting er umdeilanleg. Vissulega er hún gerð í góðri trú og líklegt er að hún hafi nokkur áhrif. Hins vegar er neysla rjúpna um jól og áramót rótgróin venja meðal Íslendinga og er hætt við að þessi breyting hafi minni verndunaráhrif en vonir standa til. Breytingin mun að líkindum auka "svarta" sölu á rjúpum milliliðalaust frá veiðimönnum til neytenda og þannig óbeint hvetja til lögbrota. Í fylgiskjali metur fjármálaráðuneytið það svo að frumvarpið hafi ekki aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkið. Það bendir til þess að ekki sé áformað að auka eftirlit lögreglu vegna ólöglegar sölu rjúpna en að mati undirritaðs er það nauðsynlegt ef

daglegra starfa lögreglumanna en þá má búast við því að eftirlit verði mjög mismikið eftir áherslum í hverju umdæmi lögreglunnar.

3. gr.


Engar athugasemdir.

Athugasemd við athugasemdir við lagafrumvarpið.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir í 2. og 3. línu: “*Að mati stofnunarinnar [Náttúrufræðistofnunar Íslands] hefur **rjúpum fækkað verulega** á liðnum áratugum, stofnsveiflur eru að sléttast út og **rjúpnastofninn virðist vera í sögulegu lágmarki.**” Ennfremur segir síðar: “*Breytingar hafa orðið síðustu ár í stofnsveiflum rjúpnastofnsins og eru sveiflurnar að jafnast út, þ.e. dregið hefur úr fjölda rjúpna í hámarksárum en **lægðirnar virðast svipaðar og áður.**” Að mati undirritaðs gætir þarna nokkurs ósamræmis og virðist fullyrðingin í fyrri málsgreininni villandi. Ef fjöldi rjúpna í lægðum er sá sami og áður er tæplega hægt að segja að stofninn sé í sögulegu lágmarki. Hins vegar vekur það ugg að topparnir eru mun lægri en áður og gefur fullt tilefni til aðgerða. E.t.v. hefði þó verið heppilegra að byrja á einni aðgerð fyrst og meta árangurinn af henni áður en tekin væri ákvörðun um frekari aðgerðir. Það að grípa til þriggja aðgerða samtímis (stytting veiðitímans, sölubanns og takmörkun á akstri fjórhjóla og vélsleða) gerir það að verkum að erfitt mun reynast að meta árangur hverrar aðgerðar fyrir sig.**

Mikilvægt er að rannsóknnum á rjúpnastofninum verði haldið áfram en æskilegt er þó að það verði með þeirri breytingu að samhliða dragi ekki úr öðrum grunnrannsóknum (sbr. úthlutanir Veiðikortasjóðs síðustu árin).

Virðingarfyllst,



Róbert A. Stefánsson, (M.S.)
líffræðingur og forstöðumaður